

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Stykkishólmi.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Stykkishólmi. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Stykkishólmi skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu kl. 23.30 til 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum, sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsi, félagsheimili, á íþróttavelli, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Gildi samþykktarinnar er þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Stykkishólmi nr. 159 frá 17. mars 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línadal.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir leiðsögu skipa er miðuð við brúttó rúmlesta stærð þess og þá vegalengd sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu. Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

	Kr.
Fyrir skip allt að 500 br.rml.	540
Fyrir skip frá 501 br.rml. til 1 000 br.rml.	570
Fyrir skip frá 1 001 br.rml. til 1 500 br.rml.	600
Fyrir skip frá 1 501 br.rml. til 2 000 br.rml.	630
Fyrir skip frá 2 001 br.rml. til 3 000 br.rml.	680
Fyrir skip frá 3 001 br.rml. til 4 000 br.rml.	725
Fyrir skip frá 4 001 br.rml. til 5 000 br.rml.	770
Fyrir skip frá 5 001 br.rml. til 10 000 br.rml.	820
Fyrir skip frá 10 001 br.rml. til 15 000 br.rml.	875
Fyrir skip frá 15 001 br.rml. til 20 000 br.rml.	940
Fyrir skip frá 20 001 br.rml. til 30 000 br.rml.	1 000
Fyrir skip frá 30 001 br.rml. og þar yfir	1 075